

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2002

frá 27. september 2002

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/872/EB frá 7. desember 2001 um að samþykkja áætlanir, sem Breska konungsríkið og Írland hafa lagt fram, um að fjarlægja allan fisk úr eldisstöðvum sem eru sýktar af blóðþorra (ISA) og um að fella úr gildi ákvörðun 2001/494/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki við um Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 13. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/140/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 3.2 í I. hluta I. viðauka við samninginn:

- „14. **32001 D 0872:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/872/EB frá 7. desember 2001 um að samþykkja áætlanir, sem Breska konungsríkið og Írland hafa lagt fram, um að fjarlægja allan fisk úr eldisstöðvum sem eru sýktar af blóðþorra (ISA) og um að fella úr gildi ákvörðun 2001/494/EB (Stjtið. EB L 325, 8.12.2001, bls. 33).

Þessi gerð á einnig við um Ísland.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 22 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 325, 8.12.2001, bls. 33.

2. gr.

Texti ákvörðunar 2001/872/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Gunnar Snorri Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.